



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



HÓLABORG

HAMINGJA HEILBRIGÐI SJÁLFRÆÐI

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	5
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Innra mat deilda 2023-2024	10
5 Innra mat sérkennslu.....	16
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	22
8 Foreldrasamvinna.....	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
10 Fylgiskjöl	27
10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025	27
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	36





Leiðarljós leikskólans

Kennum gott með góðu



1 Greinargerð leikskólastjóra

Á skólaárinu 2023-2024 var orðið tímabært að staldra aðeins við og skoða stöðu okkar gagnvart leiðarljósi og gildum leikskólans. Einnig hvernig okkur hefur gengið að starfa eftir þeim leiðum sem við höfum tileinkað okkur og hvort starfshættir okkar séu árangursríkir fyrir velferð barnanna okkar.

Gæði starfsins grundvallast á því að unnið sé að markmiðum sem fram koma í námskrá leikskólans og með stöðugu endurmati á námsleiðum okkar. Ég trúi því að leiðir okkar séu þýðingarmiklar og árangursríkar þegar þeim er vel sinnt en til að svo sé þarf starfsfólk að hafa áhuga og opinn huga ásamt því að fá tækifæri til að nýta eigin styrkleika í starfinu. Einnig er mikilvægt að gefa starfi barnanna nægan tíma og rými til að þau fái næg tækifæri til að starfa á eigin forsendum og velja fyrir sig. Það er vilji okkar að halda áfram að þróa þessar leiðir.

Endurmat leikskólans gekk vel. Eins og áður hefur komið fram eru ákveðnir þættir yfir allan skólann sem koma inn og út úr endurmati eftir þörfum hverrar deildar fyrir sig. Tveir





Þættir eru sameiginlega metnir yfir leikskólann og koma inn og fara út eftir þörfum. Ár hvert tökum við fyrir ákveðinn þátt eða þætti sem allur skólinn starfar saman að þó mögulega með ólíkum áherslum á milli deilda. Undanfarið ár höfum við unnið að félagsfærni og sjálfsefningu en þessir þættir eru okkur alltaf ofarlega í huga enda félagshyggju leikskóli.

Reykjavíkurborg stendur fyrir ýmsum góðum verkefnum í þágu barna. Hólaborg er á góðu róli við að innleiða verkefni eins og Farsældarlögin, Betri borg fyrir börn, Heilsueflandi Breiðholt, Græn skref og Menntastefnu svo eitthvað sé nefnt.

Við höldum áfram að leggja áherslu á flæðandi umhverfi og starf sem hentar öllum börnum leikskólans. Það er einnig mikilvægt að bæði praktískt og faglegt starf fléttist saman á þann hátt að það hafi menntandi gildi og styrki hvern einstakling í öllu starfi leikskólans. Nú viljum við nýta næsta ár til að kafa ofan í leikinn sem megin námsleið Hólaborgar og tengja hann við menntastefnuna. Hólaborg hefur alltaf lagt áherslu á að draga fram mikilvægi sjálfsprottins leiks í lífi barnanna og hlutverk starfsfólksins í leiknum. Við trúum því að í leik eflist vinátta barna og tengsl, félagsfærni og sköpunarkraftur. Barnið gerir sér grein fyrir styrkleikum sínum og áhugasviðum. Í stuttu máli sagt þá er leikurinn besta leiðin til að valdefla barn og gera það að leiðtoga í eigin lífi og einnig eins og segir í menntastefnunni þjálfar hann hæfni til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Í Hólaborg er leikurinn aðalnámsleið barnanna. Sjálfsprottinn leikur hefur verið upphafinn og fengið tíma og rúm. Fjallað er um leikinn í Námskrá Hólaborgar og nú stendur til að auðga þá umfjöllun í yfirgripsmiklu endurmati um leikinn sem megin námsleið skólans. Nú hafa bæst við kaflar um leikinn í Aðalnámskrá leikskóla og mun endurmat okkar taka mið af þeim áherslum sem þar koma fram. Þátttaka barna og endurmat þeirra á að veða þungt í þessari vinnu.

Í vor stóðum við frammi fyrir áskorun sem leiddi til þess að miklum búnaði og leikefni í umhverfi okkar var hent. Það hvatti okkur til að skoða vel hvað við viljum hafa í leikskólanum og munum við fara í endurmat á bæði leikumhverfi og starfsmannaaðstöðu. Við sjáum þetta sem tækifæri til að rýna vel í það hvernig efnivið við viljum bjóða börnunum upp á og hvernig við getum nýtt umhverfið sem best sem þriðja kennara barnanna. Þarna verður einnig tekið tillit til vilja barnanna og umhverfissjónarmiða. Í samfélagi sem okkar sem einkennist af hraða og kröfum um skilvirkni vill oft gleymast hvað það er sem er barni á





leikskólaaldri mikilvægast til að geta tileinkað sér nám. Öryggi í aðstæðum, hlýja og tími er það sem öll börn þarfnast og eiga rétt á að mæti þeim þegar þau hefja skólagöngu sína.

Látum drauma barnanna rætast.

Sigrún Grétarsdóttir



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Þátttaka barna / Endurmat barna	
Hvernig fór matið fram?	Með rýnihópum á deildarfundum og rýnihópur stjórnendateymis.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn og börn.
Helstu niðurstöður mats	Börnin hafa mörg og góð tækifæri til að láta rödd sína heyrast og hafa frelsi til að taka þátt á sínum forsendum. Starfsfólk vinnur markvisst að því að efla þátttökuvilja allra barna. Það þarf að auka endurmat barnanna og þau þurfa að fá meiri þjálfun til að meta eigið nám.





Innra mat

Skráningar	
Hvernig fór matið fram?	Rýnihópur á deildarafundum og rýnihópur stjórnendateymis. Verkefnastjóri gerði könnun um þátttöku starfsmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Skráningar í núverandi horfi ganga vel og fleiri starfsmenn koma að skráningum og sýna þeim áhuga. Auka þarf dýpri skilning starfsmanna á tilgangi skráninga.

Innra mat

Lubbi finnur málbein	
Hvernig fór matið fram?	Með rýnihópum á deildarafundum og rýnihópur stjórnendateymis.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn.
Helstu niðurstöður mats	Lubbi er orðinn hluti af hópastarfi á öllum deildum. Auka þarf fjölbreytni við notkun hans.

Innra mat

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	
Hvernig fór matið fram?	Rýnihópur stjórnendateymis.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi.
Helstu niðurstöður mats	Viðburðir og fundir þar sem foreldrum hefur verið boðin þátttaka hafa gengið vel og verið vel sóttir. Stjórn Foreldrafélagsins hefur boðið upp á viðburði í góðu samstarfi við starfsfólk og börn. Nýir stjórnarmeðlimir foreldrafélagsins eru virkir og áhugasamir.

Innra mat

Fundarplan, skipulag og tímasetningar	
Hvernig fór matið fram?	Rýnihópur.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi.
Helstu niðurstöður mats	Vilji til að breyta fundatímum og skipuleggja efni þeirra. Búið til nýtt fundarplan og skipulag funda.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta.

Endurmat barna	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að endurmat barnanna verði markvisst á hverju ári.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að gerð verði áætlun um endurmat barna. Að það verði boðið upp á skilmerkilega fræðslu á þeim leiðum sem hægt er að fara við endurmat barna. Það verði tengt við hópastarf og gerðar skráningar.
Ábyrgð	Stjórnendateymi.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Mars 2025 – maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildarstjórar og börn.
Viðmið um árangur	Að elstu börn leikskólans verði fær um að meta starf sitt og nám. Að endurmat barnanna komi fram á skráningum.





Skráningar	
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Að til sé aðgengilegt fræðsluefni um skráningar.
Aðgerðir til umbóta - Hvernig á að framkvæma það?	Búa til glærur og bækling.
Ábyrgð	Leikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2024 – maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Spurningalisti til allra starfsmanna.
Viðmið um árangur	Fleiri áhugasamir starfsmenn um mikilvægi skráninga. Fleiri starfsmenn með dýpri þekkingu á skráningum.

Lubbi	
Tækifæri til umbóta - Að hverju er stefnt?	Að unnið sé með Lubba á fjölbreyttan hátt á öllum deildum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera hugmyndabanka með hugmyndum um notkun á námsefninu sem hentar mismunandi aldurshópum. Auðvelt er að nálgast hugmyndir á facebook í Lubba hópnum þar.
Ábyrgð	Deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar 2025 – maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Með skráningum í hópstarfi og endurmati barna.
Viðmið um árangur	Deildirnar sýna og segja frá Lubba starfi deildarinnar á starfsmannafundi í vor.





4 Innra mat Lóudeildar 2023-2024

Ég tók við deildinni í mars 2023 vegna leyfis deildarstjóra. Í haust voru tveir árgangar á deildinni eins og síðustu ár, börn fædd 2021 og 2022 samtals 15 börn. En eftir áramót bættist barn fætt 2023 við hópinn og lukum við skólaárinu með 16 börn á deildinni. Aðlögun fór fram eins og áður með þátttöku foreldra í 3 daga og gekk vel. Aðlögunartímabilið dreifðist yfir langan tíma en við vorum að taka á móti börnum frá miðjum júní og fram í nóvember.

Starfið á deildinni hefur gengið vel í vetur og börnin unað sér vel við leik og störf. Hópastarf, flæði og Lubbi finnur málbein hafa fest sig enn frekar í sessi í menningu deildarinnar. Í vetur var lögð áhersla á að skipta barnahópnum upp í minni hópa til þess að tryggja öllum tíma og rými fyrir frjálsan leik og til þess að æfa sjálfræði. En í janúar var lagt upp með að börnin fengju tækifæri til þess að ganga sjálf frá eftir morgunmat og síðdegiskaffi, þau fengju tíma til þess að klæða sig sjálf í og úr útifötum og skammta sér sjálf mat á diska eftir getu og þroska. Eftir áramót var gerð tilraun með flæðandi síðdegishressingu. Ýmsar útfærslur voru prófaðar og gengu ágætlega en eftir prufutímabil var ákveðið að snúa aftur til fyrra fyrirkomulags.

Umbótaþættir síðasta árs voru málörvun og Gefðu 10, gönguferðir, hlutverk starfsfólks í útiveru, að þróa frjálsa leikinn, flæði og útifjör. Lestrarstundir voru stór þáttur í daglegu starfi á deildinni sem efldist bara eftir því sem á leið og eftir áramót bættist við flæðislestur eftir að við prófuðum flæðandi síðdegiskaffi. Lubbastundir og Lubbastjóri eru orðnir stór hluti af starfi deildarinnar og bæði starfsfólk og börn áhugasöm að sinna því. Samverustundir voru gerðar markvissari með því að leggja áherslu á ákveðin atriði eins og þulur, sönglög og að klappa atkvæði. Þá var starfsfólk duglegt að leggja orð á athafnir og lýsa umhverfinu. Gefðu 10 byrjaði ágætlega í haust en datt hægt og rólega út og náði ekki að festa sig í sessi almennilega. Deildarstjóri mat stöðu fjöltyngdra barna út frá Hæfnirömmum í íslensku. Umbótaþættinum málörvun og Gefðu 10 er því náð að hluta. Leggja ætti meiri áherslu á Gefðu 10 næsta skólaár.

Veður og mönnun setti strik í reikninginn hvað gönguferðir varðar ásamt því að skipulag hefði mátt vera skýrara. En með vorinu hefur gengið betur og börnin hafa staðið sig mjög vel í gönguferðum hingað til. Umbótaþætti telst ekki náð og verður áfram í umbótaáætlun næsta skólaár.





Allt starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt í útiveru m.t.t. staðsetningar í garðinum. Verkferlar voru rifjaðir upp með vorinu og mikilvægi þeirra áréttað. Alltaf er hægt að bæta virkni og þátttöku starfsfólks í leik barnanna og umbótaþætti því náð að hluta.

Í vetur hefur gengið ágætlega að þróa frjálsa leikinn í takt við aldur og þroska barnanna. Það sést til dæmis á skráningum í ferilmöppum og þegar fylgst er með leik elstu barnanna á deildinni, en eldri börnin eru komin vel af stað í hlutverkaleik. Umbótaþættinum telst því náð.

Það hefur aukist að starfsfólk skrái sig á svæði í flæði í vetur eins og lagt var upp með. Það hafa þó komið tímar þar sem skráningin hefur dalað en þá var farið í átak til þess að bæta það og hefur það skilað sér. Umbótaþætti náð að hluta.

Útifjör hefur ekki verið reglulegur hluti af starfinu í vetur og því hefur umbótaþættinum ekki verið náð.

Sigga Jasonardóttir





5 Innra mat Spóadeildar 2023-2024

Skólaárið 2023-2024 byrjuðum við á Spóadeild á því að fara yfir alla umbótaþætti ársins með starfsfólki deildarinnar. Umbótaþættirnir voru að bæta leikskráningar, bókin að heiman, fjölga gönguferðum, hlutverk barna og hlutverk kennara í daglegu starfi, útifjör, gefðu 10 og flæði.

Aðlögun gekk vel, við byrjuðum snemma að taka inn á deild eitt barn í einu í júní 2023. Börnunum leið vel og þau voru mjög ánægð með breytingarnar. Við byrjuðum snemma með hópastarf og Lubbastund og það gekk ágætlega í vetur. Við höfum unnið með nokkur þemu eins og liti, líkamann, dýr og tölustafina frá 1-10. Í Lubbastund lærðum við um máhljóðin frá A til J í vetur.

Við höfum gert margt og endurbætt á deildinni. Við fengum stóra loðtöflu á deildina og höfum sett marga myndræna hluti á hana sem börnin geta skoðað og lært um á hverjum degi. Við höfum unnið mikið í skráningum og það er komið skipulag á það hvað á að vera í ferilmöppunum. Það gekk mjög vel að fylgja nýja skipulaginu.

Bókin að heiman - börnin komu með uppáhaldsbókina sína í leikskólann og við lásum bókina saman fyrir alla. Verkefnið var í gangi tvisvar á skólaárinu og gekk ótrúlega vel í bæði skiptin.





Við ákváðum að fjölga gönguferðum í nágrenni leikskólans. Það gekk brösulega í haust en betur í vor. Við fórum m.a. á bókasafnið, rannsókuðum nánasta umhverfi leikskólans, fórum á leikvelli í hverfinu og svo fórum við í stutta strætóferð. Hlutverk barna á deildinni – börnin hafa tekið þátt í umsjónarmannaverkefninu yfir allt árið og það gengur mjög vel. Garðstjóra og endurvinnara verkefnið hefur gengið aðeins hægar en allir tóku þátt í verkefninu einu sinni. Flæði og útifjör verður tekið til endurskoðunar fyrir allan leikskólann en verður fast í dagsskipulaginu áfram.

Vegna fjölda tví- og þrítyngdra barna á deildinni ætlum við að leggja enn meiri áherslu á Gefðu 10, málrækt og gæðamálörvun, halda áfram að leggja orð á hluti og athafnir og nota myndrænt eins mikið og aðstæður leyfa.

Jolanta Zelmene





6 Innra mat Krummadeildar 2023-2024

Við tókum við deildinni í september 2023 vegna leyfis deildarstjóra.

Í umbótaáætlun síðasta árs voru umbótaþættirnir eftirfarandi: Hlutverk barna með áherslu á að bæta við endurvinnurum, veðurfræðingum og samverustjóra en jafnframt að halda áfram með umsjónarmenn og garðstjóra. Þar að auki voru þættirnir Lubbi finnur málbein, Skráningar, Gefðu 10, flæði og útifjör.

Umsjónarmenn hafa verið fastur liður inn á deildinni en garðstjóra mætti bæta. Endurvinnara, veðurfræðing og samverustjóra var ekki sinnt sem skyldi. Að því sögðu hafa börnin verið virkir þátttakendur í að flokka inni á deild og hafa umræður tengdar veðri verið hafðar með öllum hópnum fyrir útiveru. Ætlunin er að sameina veðurfræðing og samverustjóra næsta vetur. Gengið hefur vel að vinna með Lubba finnur málbein, en þar hafa börnin farið vikulega í Lubba stund sem hluti af hópastarfi deildarinnar. Einnig hafa skráningar gengið vel og starfsfólk tekið virkan þátt. Bókin að heiman hefur sömuleiðis gengið vel og tóku öll börnin þátt í því verkefni. Gaman væri að bæta við Töfratöskunni næsta vetur fyrir öll börnin. Gefðu 10 þarf að innleiða betur þar sem því var ekki fylgt nægilega vel eftir. Ætlunin er að halda áfram með Gefðu 10 næsta vetur, þar sem fylgt verður eftir að starfsfólk skrái þátttöku. Flæði hefur verið fastur liður í starfi vetrarins og





hefur gengið vel að fá starfsfólk til að taka virkan þátt og hafa fjölbreytt efni í boði. Flæði og útifjör verður ekki í umbótaáætlun Krummadeildar að sinni, en ákveðið var að hafa þessa tvo þætti sem áhersluatriði leikskólans í heild sinni og verður það endurmetið í takt við þá stefnu.

Ágústa Laufey Österby Christensen og Halldóra Sigurjónsdóttir





7 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Stuðningur fór fram eins mikið og hægt var inni á deildum. Nokkur börn fengu einnig einstaklingsþjálfun og þjálfun í litlum barnahópi. Gerðar voru einstaklingsnámskrár fyrir þau börn sem þurftu á því að halda og notast var við skráningar í einstaklingsþjálfun. Sérkennslustjóri sá að mestu um einstaklingsþjálfun fyrir þau börn sem þess þurftu og fór einnig inn á deildirnar og vann þar með börnunum í litlum hópum. Haldið var utan um vinnu með börnunum með skráningum í einstaklingsþjálfun og hópavinnu. Starfsfólk deildanna var virkjað í því að sinna þeim börnum sem njóta sérstuðnings og þannig var reynt að stuðla að því að börnin væru sem mest þátttakendur í öllu starfi deildanna og finndu að þau væru hluti af hópnum.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p>	<p>Hljóm-2 var lagt fyrir elstu börn leikskólans. Efi-2 var lagt fyrir 3 ára börnin. Við notuðum einnig AEPS lista, Orðaskil, Íslenska þroskalistann, Íslenska smábarnalistann og Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskóla, allt eftir því hvað hentaði hverju barni fyrir sig.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p>	<p>Við notuðum fjölbreytt námsefni, bæði aðkeypt námsgögn og gögn sem búin hafa verið til í leikskólanum. Við unnum með Lubbi finnur málbein á öllum deildum og Lærum og leikum með hljóðin og Ljáðu mér eyra með þeim börnum sem það hentaði. Við nýttum ýmis konar spil og útbjuggum félagshæfnisögur og orðaforðabækur fyrir þau börn sem þurftu á því að halda.</p>





Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025


Umbótapáttur/matspáttur	Þemapakar/kassar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að útbúa fjölbreyttari efnivið til að nota í málörvun. Að gera efnivið aðgengilegri fyrir allt starfsfólk leikskólans og betur skipulagðan.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til þemapoka/kassa sem nýtast starfsfólkinu í starfinu með börnunum. Setja efnivið betur upp þannig að starfsfólk eigi greiðari aðgang að honum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. – des. 2024.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Rætt á deildarfundum. Könnun meðal starfsfólks.
Viðmið um árangur	Að til verði gagnabanki með þemapakum/kössum sem auðvelt er að grípa með sér. Að starfsfólk hafi gott aðgengi að efnivið til málörvunar og notkun á efnivið hafi aukist.





Umbótapáttur/matspáttur	Myndræn framsetning á deildum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að festa enn betur í sessi notkun á myndrænu skipulagi á deildum. Að starfsfólk tileinki sér notkun mynda í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa nýtt samræmt dagskipulag fyrir allar deildirnar. Útbúa myndabanka til að nota í daglegu starfi. Kynna notkun skipulagsins og myndanna fyrir öllu starfsfólki á deildarfundum.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar fylgja eftir á deildum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2024- apríl 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Rætt á deildarfundum. Rýnihópur með starfsfólki af öllum deildum.
Viðmið um árangur	Að starfsmenn séu virkir í að nota myndrænt skipulag og myndir til að auka orðaforða barnanna.





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið er notað í laun starfsmanns og til að kaupa námsefni.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er markviss málrækt í öllu daglegu starfi. Orð eru sett á athafnir og útskýringar á orðum eftir þörfum og stöðu hvers barns. Við erum með litla leshópa þar sem bækur eru valdar út frá stöðu barnanna í hópnum. Unnið er með Gefðu 10 á öllum deildum. Við styðjumst við málræktarmarkmið Hólaborgar og leggjum áherslu á þátttöku allra og að allir hafi rödd í hópnum.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Við leggjum áherslu á að vinna út frá áhugasviði barnanna og dýpkum orðaforðann út frá því. Kennararnir fara inn í leik barnanna til að auka orðaforðann. Við vinnum með Lubba námsefnið og vinnum með málið í hópstarfi, samverustundum, lestrarstundum og litlum leikhópum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við notum skráningar og skimanir. Það eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir öll börnin og ef þörf er á eru notuð önnur skráningarform t.d. AEPS listinn og Orðaskil. Einnig erum við byrjuð að nota Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Hvert barn á einnig ferilmöppu þar sem hægt er að fylgjast með þroskaferli þess.



Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.

Við leggjum áherslu á að allir séu virkir þátttakendur í daglegu starfi leikskólans. Við vinnum með alla þætti máls, bæði í frjálsum leik, í hópstarfi, flæði, samverustundum og öllu daglegu starfi. Við notum ýmis kennslugögn til aðstoðar. Ritmál er haft sýnilegt, notast við myndrænt dagskipulag, unnið með Lubba og alls konar verkefni sem efla hljóðkerfisvitund. Við byggjum á áhuga og styrkleikjum hvers barns fyrir sig og byggjum ofan á það sem þau kunna nú þegar.





Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þátttaka fjöltyngra barna í leik
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stefnt að því að öll börn séu þátttakendur í leik óháð tungumálakunnáttu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tengiliður fjölmenningar og sérkennslustjóri fylgjast með á deildum. Skráningar, myndir og myndbönd notuð til að greina stöðu barnanna. Skoðað hverjir eiga erfitt með að komast inn í leik og þau börn aðstoðuð sérstaklega t.d. með þátttöku í litlum leikhópi.
Ábyrgð	Tengiliður fjölmenningar og sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024-maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Tengiliður fjölmenningar og sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum rýna í skráningar. Rætt á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þau börn sem stóðu höllum fæti í leik séu orðnir virkir þátttakendur í leik barnanna.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Formleg starfsþróunarsamtöl eru tekin á haustin. Að þessu sinni verður rætt um líðan starfsfólks og óskir. Fræðsla síðasta skólaárs var fjölbreytt og einkenndist bæði af einstaklingsfræðslu og fræðslu fyrir allan hópinn. Meðal annars var fræðsla um ofbeldi gagnvart börnum, um farsældarlögin, farið á málþing, fræðsla um nýjar áherslur í námskrá, farið á menntastefnumót, aðrir leikskólar skoðaðir o.fl. Auk þess hefur enn bæst í hópinn starfsfólk sem er í námi með vinnu og þiggur launað námsleyfi. Á þessu skólaári munum við leggja áherslu á fræðslu um sjálfsprottinn leik og leikumhverfi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Hólabrekkuskóli er hverfisgrunnskóli flestra barna í Hólaborg og samstarfsskóli okkar. Markmið samstarfsins er að börnin kynnist grunnskólanum og séu öruggari þegar kemur að byrjun grunnskólagöngu. Í vetur fengu börnin kynningu á skólanum þar sem þau fengu að ganga um skólann, skoða bókasafnið, snillismiðjuna, skólastofurnar o.fl. Börnin fóru svo í aðra heimsókn þar sem þau fengu að taka þátt í kennslustund hjá 1. bekk, fengu nesti og fóru í frímínútur. Börnin fóru einnig í heimsókn í frístundaheimilið Álfheima þar sem þau fengu að skoða sig um og leika sér. Börnin sem nú eru í 1. bekk í Hólabrekkuskóla komu í tvær heimsóknir í leikskólann, eina þar sem þau léku sér inni og aðra þar sem leikið var úti. Ekki tókst að halda ljóðaverkefninu sem unnið var síðasta vetur áfram vegna aðstæðna í grunnskólanum en við munum vonandi geta tekið það aftur upp á næsta skólaári.

Deildarstjóri Krummadeildar mun funda með kennurunum í 1. bekk í Hólabrekkuskóla í september og mun þá verða sett niður tímasett áætlun á samstarfi vetrarins.

Í maí er skilafundur milli leikskóla og grunnskóla þar sem deildarstjóri elstu barna og sérkennslustjóri hittir deildarstjóra yngsta stigs í skólanum og þar eru ræddar þarfir og staða barnanna í námi og þroska, áhugasvið og styrkleikar barnanna koma fram ásamt niðurstöðum úr skimunum.

Hólaborg hefur verið í samstarfi við ÍR og er elstu börnunum boðið í íþróttahúsið við Austurberg einu sinni í viku þar sem þjálfari sér um íþróttatíma. Sundfélagið Ægir setti sig í samband við foreldrafélagið og bauð elstu börnunum á viku sundnámskeið á leikskólatíma og fylgdi starfsfólk leikskólans börnunum í sundið.





Foreldrafélagið stóð fyrir sumarhátíð í garðinum okkar og var boðið upp á hoppukastala, sápukúlur, andlitsmálningu og veitingar. Leikskólarnir Hólaborg, Suðurborg og Hraunborg héldu einnig sameiginlega sumarhátíð í júní. Börn, foreldrar og starfsfólk kom saman á lóð Hólabrekkuskóla ásamt lúðrasveit. Svo var gengið í skruðgöngu að Leiknisvelli þar sem sýnd voru sirkusatriði og boðið upp á skemmtilegar leikstöðvar og veitingar.



Við höfum verið í samstarfi við Tónlistarskóla Sigursveins í mörg ár og hélt það samstarf áfram í ár. Elstu börnin æfðu lög eftir Spilverk þjóðanna og Stuðmenn og sungu á opnun Barnamenningarhátíðar í Hörpu. Þau heimsóttu einnig tónlistarskólann þar sem þau fræddust um hljóðfæri og sungu Hörpulögina með hljómsveit.





8 Foreldrasamvinna

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili leikskólans og framlag þeirra vegur þungt. Starfað er eftir handbók um foreldrasamstarf þar sem lögð er áhersla á samskiptastefnu Hólaborgar. Þau samskipti sem vega hvað þyngst eru hin óformlegu samskipti sem eiga sér stað í samtölum þegar komið er með börnin eða þau sótt í leikskólann og í foreldrasamtölum við deildarstjóra. Það er mikilvægt að leita lausna í samskiptum við fjölskyldur sem ekki eiga sameiginlegt tungumál með okkur og stuðla þannig að auknum samskiptum og auknum skilningi á mögulegum menningarmun.

Allar fjölskyldur eiga að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um barnið sitt og leikskólastarfið svo þær geti fylgst með og veitt börnunum stuðning og hvatningu. Upplýsingar eru veittar í tölvupósti, í gegnum Völu, með símtölum, túlkabjónustu, notkun samskiptabóka og á facebook-síðu foreldrafélagsins og ekki síst með skráningum og myndum úr starfinu. Einnig fara upplýsingar og auglýsingar á útihurðar á þeim tungumálum sem leikskólinn hefur burði til að setja fram hverju sinni. Í starfsmannahópi Hólaborgar eru tvítyngdir starfsmenn sem deila sama tungumáli og nokkur börn í leikskólanum. Það hefur eflt móðurmál þeirra barna og oft auðveldað samskipti við foreldra.

Markmið Hólaborgar með fjölskyldusamstarfi:

- Að allir upplifi sig velkomna í Hólaborg
- Að kynnst fjölskyldum hvers barns og að allir fái sömu upplýsingar
- Að fjölskyldan taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár barnsins
- Að fjölskyldum finnist þær geta leitað eftir aðstoð, upplýsingum og stuðningi
- Að fjölskyldan sé hvött til dáða
- Að fjölskyldan hafi áhrif á leikskólastarfið

Í Hólaborg er þátttökuaðlögun. Þá eru foreldrar með barninu sínu í leikskólanum í þrjá daga og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Þannig kynnist barnið leikskólanum og starfsfólki með foreldrum sínum og saman öðlast þau traust. Foreldrar kynna barnið fyrir starfsfólki leikskólans og sýna því hvernig það hefur hagað hlutunum og segir frá styrkleikum barnsins,





áhugasviðum og þörfum. Foreldrar barnanna sem eru í aðlögun kynnast hvert öðru og öðlast sameiginlega reynslu.

Foreldrafundur er í september, þá hittast deildarstjórar og foreldrar og ræða um starf deildanna og vetrarstarfið er kynnt. Foreldrasamtöl eru minnst tvisvar á ári. Að hausti eru þau á öllum deildum í október og nóvember. Þar er lögð áhersla á góð kynni og gott samstarf við fjölskylduna um hagi barnsins, líðan og þroska. Farið er yfir einstaklingsnámskrá og annað sem foreldrar óska eftir. Einnig er farið yfir Efi-2 og Hljóm-2 þar sem það á við og farið er yfir öryggismöppu hvers barns. Foreldrasamtöl að vori eru í mars fyrir öll börn utan elsta árgangsins. Sýndar eru skráningar og ferilmappa barnsins, lögð áhersla á tengslamyndun, vellíðan, styrkleika, hneigð til náms og áhugasvið barnsins. Foreldrasamtöl að vori fyrir elsta árganginn eru í apríl. Þá er farið yfir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla. Hólaborg er alltaf opin fyrir fjölskyldur barnanna en formlega er foreldrum boðið í kaffi boð tvisvar á ári.

Foreldrafélag er starfandi í Hólaborg og kallast það Fuglabjarg. Þeir foreldrar sem velja að vera í foreldrafélaginu borga ákveðna upphæð á ári og foreldrafélagið býður börnunum upp á viðburði sem brjóta upp leikskólalífið í samstarfi við leikskólann. Fastir viðburðir hafa verið skemmtun á sumarhátíð, glaðningur frá jólasveini, jólasveinn á jólaballi og leiksýning. Í ár bauð foreldrafélagið einnig upp á sundnámskeið fyrir elsta árganginn í samstarfi við sundfélagið Ægi. Foreldrafélagið er með læsta facebook-síðu og þar kemur fram ýmislegt sem er á dagskrá og bryddað upp á umræðuefnum.



Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar og leikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Á fyrsta fundi vetrarins setur foreldraráð sér starfsreglur. Foreldraráðið hittist einu sinni til tvisvar á önn og ræðir málefni líðandi stundar. Ef þörf er á er notaður tölvupóstur til að hafa frekari samskipti. Foreldrar geta komið ábendingum til foreldraráðs t.d. í gegnum tölvupóst eða í gegnum lokaða facebook-síðu foreldrafélagsins. Leikskólastjóra ber að starfa með ráðinu og á hann frumkvæði að kosningunni. Hlutverk foreldraráðs er að gefa leikskólanum umsagnir um skólanámskrá og starfsáætlun, fylgjast með framkvæmd þeirra og sjá um að þær séu kynntar fyrir öðrum foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu og fjallar ekki um málefni einstakra barna.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskólinn á 6 skipulagsdaga á ári og eru þrjú þeirra á sama tíma og í Hólabrekkuskóla. Skólaárið 2024-2025 er áætlað að sameiginlegir starfsdagar verði dagana 20. september, 2. janúar og 9. maí. Auk þess verða starfsdagar 22. nóvember, 14. mars og 30. maí.



10 Fylgiskjöl

10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025

Lóudeild/1-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Gefðu 10
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Allt starfsfólk sé virkt í Gefðu 10 og það fari fram á hverjum degi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Reglulegar samskiptaskráningar. Veita börnum athygli og tíma til samræðna.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Samskiptaskráningar, hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn, skráningarblöð fyrir Gefðu 10. Tekið fyrir á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Bera saman samskiptaskráningar sem starfsfólk gerir yfir árið. Skráningarblöð Gefðu 10. Framfarir eigi sér stað hjá fjöltyngdum börnum (Hæfniramar í íslensku).

Lóudeild/1-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Útifjör
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé virkt og bjóði upp á kveikjur að leik, upplifun eða skynjun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk undirbýr og stillir upp stöð í útifjöri með áhugaverðum efnivið. Er til staðar til þess að aðstoða börnin við að þróa leik sinn áfram, rannsaka og gera uppgötvanir.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð, allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildar- og starfsmannafundir, myndir og skráningar frá útifjöri.
Viðmið um árangur	Að útifjör þróist og stuðli að virkni barna sem og starfsfólks í útiveru.

Lóudeild/1-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Flæði.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Flæði þróist. Starfsfólk taki ábyrgð á því svæði sem það velur sér hverju sinni. Boðið sé upp á kveikjur að leik, upplifun eða skynjun. Starfsfólk er til staðar til þess að aðstoða börnin við að þróa leik sinn áfram, rannsaka og gera uppgötvanir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk skrái sig tímanlega á svæði og hvað það hyggst bjóða upp á. Starfsfólk hlusti á hugmyndir og óskir barna um viðfangsefni í flæði.
Ábyrgð	Hver starfsmaður ber ábyrgð á að skrá sig og sinna sinni stöð í flæði. Allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Endurmetið á deildar- og starfsmannafundum. Skráningar á flæðistöflu. Rýnihópar barna. Leikskráningar og myndir.
Viðmið um árangur	Flæði heldur áfram að þróast. Börnin fá tíma og tækifæri fyrir leik sinn og starfsfólk sé til staðar til þess að styðja við þau.





Lóudeild/1-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Frjáls leikur.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé virkt í leik barnanna, sé meðvitað um leikinn sem á sér stað, aðstoði börnin við að þróa leikinn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk sé til staðar, fylgist með leik barnanna og taki þátt í leiknum án þess að stýra honum. Komi með hugmyndir og kveikjur til þess að þróa leikinn lengra.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Rætt og metið á deildarfundum. Rýnihópar barna. Skráningar og myndir frá daglegu starfi.
Viðmið um árangur	Börnin þrói leikinn sinn. Starfsfólk sé virkt í leik barnanna og beri virðingu fyrir honum.

Lóudeild/1-3 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Gönguferðir.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Farið verði reglulega í gönguferðir yfir árið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búið verður til skipulag fyrir gönguferðir. Skráningarblað verði sýnilegt.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð. Allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Staða metin reglulega á deildarfundum. Skráningarblað skoðað. Skráningar frá gönguferðum í ferilmöppu.
Viðmið um árangur	Að öll börn fari reglulega í gönguferð yfir árið. Ein skráning úr gönguferð í ferilmöppu allra barna.





Spóadeild/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Frjáls leikur barna og umhverfið
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka leik-kveikjur og fjölbreytni í frjálsum leik á deildinni og í útiveru.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja deildina þannig að umhverfið vekir áhuga barna á frjálsum leik – leikefni gert aðgengilegt og vel skipulagt. Kennarar eru alltaf til staðar til að hjálpa börnunum að komast í leik.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar. Allir á deildinni ber ábyrgð á að fylgjast með umhverfinu og leikefni á deildinni.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024- júní 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Leikskráningar barna. Rýnihópar barna. Leikur barnanna og andinn á deildinni ræddur og metinn á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Að börnin séu dugleg að fara í frjálsan leik, tala saman og deila hugmyndum. Börnin ráða og hafa áhrif á viðfangsefni og leið/útkomu leiksins. Frjálsi leikurinn verður fjölbreyttur að mati barnanna.

Spóadeild/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Gefðu 10.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka málörvun í daglegu starfi á deildinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hver starfsmaður á 5-10 mínútna markviss samtöl daglega við börn sem þurfa á auka málörvun að halda.
Ábyrgð	Allt starfsfólk á deildinni. Deildarstjóri ber ábyrgð á að gera skráningarblað og myndræna málörvunarbók.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024- júní 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráningarblað. Matið á deildarfundum og rætt hver þarf auka málörvun og hversu lengi.





Viðmið um árangur	Að börn sem fengu gefðu 10 hafi öðlast betri málþroska. Hægt að skoða skráningarblöð og sjá hversu vel þau voru fyllt út.
--------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Spóadeild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hópastarf.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Bæta hópastarf, skipta börnunum í fasta hópa yfir skólaárið. Barnahópurinn lærir hverjir eru í hópnum þeirra og það er sameining í hópnum og gott samstarf.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búa til hópa í byrjun skólaárs og skipta þeim alltaf í sömu hópa nema ef sérstakar aðstæður koma upp.
Ábyrgð	Deildarstjóri sér um að skipta börnunum í hópa í september og allt starfsfólk deildarinnar sér um að fylgja því eftir allt skólaárið.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2024- júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið með börnunum í litlum hópum. Rætt á deildarfundum og metið.
Viðmið um árangur	Hópastarf er búið að eiga sér stað allt skólaárið, börnin eru búin að gera alls konar mismunandi verkefni. Góður andi á deildinni og vinátta blómstrar á milli barnanna. Börnin hafa öðlast betri málþroska, félagsfærni og samvinnu.

Spóadeild/3-4 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lubbi finnur málbein/málrækt.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skapa meira lifandi og skapandi aðstæður, bjóða upp á verkefni til að vekja áhuga barna á málhljóðum. Auka orðaforða.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ýta undir hljóðamyndun barna. Áhersla lögð á hagnýtan orðaforða, hljóða og stafa þekkingu og hljóðtengingu.
Ábyrgð	Allt starfsfólk á deildinni.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2024- júní 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Rætt á deildarfundum. Skoða verkefni barnanna.
Viðmið um árangur	Aukinn orðaforði og málþroski hjá börnunum.





Krummadeild/4- 6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Hlutverk barnanna- umsjónarmenn, endurvinnari, garðstjórar og veðurfræðingur.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hlutverk barnanna náí að festa sig í sessi og sé sinnt af öllu starfsfólki deildarinnar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri býr til skipulag fyrir hlutverk og merkt er við hvaða barn sinnir hvaða hlutverki.
Ábyrgð	Deildarstjóri og allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2024- júlí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráningar í ferilmöppu, skráningarblað og deildarfundir.
Viðmið um árangur	Skráningarblað sem sýnir að öll börn hafi sinnt hlutverki umsjónarmanns, garðstjóra, veðurfræðings og endurvinnara reglulega yfir skólaárið.

Krummadeild/4-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Töfrataskan
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að verkefninu sé sinnt eftir áramót. Hvert barn fái tækifæri til að koma með hlut að heiman og sýna hinum börnunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri býr til skráningarblað. Starfsfólk taki virkan þátt í að fylgja verkefninu eftir.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar- mars 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráningarblað og metið á deildarfundum.
Viðmið um árangur	Að öll börn hafi komið með hlut að heiman í töfratösku í leikskólann og kynnt hann fyrir hinum börnunum á deildinni.





Krummadeild/4-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Veðurfræðingur og samverustjóri.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Innleiða hlutverk samverustjóra og veðurfræðings.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvert barn fær tækifæri til að stýra samveru og upplýsa hópinn um veður og úti klæðnað þann daginn.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept. 2024- maí 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir. Metið með börnunum á deildinni.
Viðmið um árangur	Skráningarblað sem sýnir að öll börn hafi sinnt hlutverki samverustjóra/veðurfræðings reglulega yfir skólaárið.

Krummadeild/4-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Gefðu 10.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka málörvun í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hver starfsmaður á að lágmarki 10 mínútna samtal/samskipti daglega við börn sem þurfa á auka málörvun að halda. Hver starfsmaður merkir við á skráningarblaði þegar hann hefur sinnt verkefninu.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð og allt starfsfólk deildarinnar framkvæmir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024- júní 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skráningarblað og metið á deildarfundum. Rætt hver þarf auka málörvun og hversu lengi.





Viðmið um árangur

Að þau börn sem fengu auka 10 hafi öðlast betri málþroska.

Hægt að skoða skráningarblöð og sjá hversu vel þau voru fyllt út.

F. h. leikskólans

Sigrún Grétarsdóttir 27. 09. 2024





10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já áherslurnar samræmast starfi leikskólans.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já áætlunin er aðgengileg og auðlesanleg.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já við teljum að áætlunin gefi góða innsýni í starfið.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei engar athugasemdir við starfsáætlun. Mjög skýrt og vel uppsett.

Fulltrúar í foreldraráði:

Karen Ósk Ólafsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði



